



122. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 20 janúar 2016, kl.10.30 á bæjarskrifstofunni á Akranesi.

Mætt voru: Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður, Rakel Óskarsdóttir, varaformaður, Valgarður Jónsson, Bjarki Þorsteinsson, Guðveig Eyglóardóttir, Árni Hjörleifsson, Eypór Garðarsson, Kristín Björg Árnadóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Björgvin Helgason, Sif Matthíasdóttir og Eggert Kjartansson. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og gekk til dagskrár.

1. Framlögð fundargerð frá 121. fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 121. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á undirbúningi að færslu almenningsamgangna yfir í sérstakt félag NVB ehf. Hann kynnti minnisblöð frá KPMG, en leitað var eftir mati frá lögfræðingi og löggiltum endurskoðenda sem sýna að það sé mögulegt og heppilegra að hafa reksturinn í sérstöku félagi.

Þá greindi framkvæmdastjóri frá gangi mála í viðræðum við Eyping um leið 57, en tillaga Eypings að samningi var í gögnum fundarins.

Loks var rætt um mögulegar breytingar á leiðarkerfinu sumarið 2016 en fyrir liggja tillögur um breytingar á akstursleiðum sem verða skoðaðar með ráðgjöfum hjá Strætó bs.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV á árinu 2015. Rekstrarafgangur ársins er 5.324.846 kr. sem gengur upp í uppsafnað tap frá árinu 2012 sem var í árslok 2014 kr. 13.532.653 kr. Uppsafnað tap í dag er því kr. 8.207.907 kr. Inni í þessum tölum eru uppgjör við EYÞING sem tengist samkomulagi sem gert var vegna árána 2014 og 2015.

Framkvæmastjóra var falið að vinna áfram að þeim málum sem um var rætt.

3. Vesturlandsstofa

Rætt var um rekstur Vesturlandsstofu á árinu 2015. Framkvæmdastjóra veitt heimild til að skoða með lántöku, 6.000.000 kr., til að greiða upp yfirdráttarheimild og gera

áætlun um að greiða lánið niður á nokkrum árum. Ákvörðun um fjármögnun verði tekin er ársreikningur liggur fyrir.

4. Málefni fatlaðra

Rætt um skiptingu á viðbótarframlagi Jöfnunarsjóðs til málefna fatlaðra á árinu 2015.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur um skiptingu viðbótarfjármagns sem var greitt til þjónustusvæðis Vesturlands bs. á árinu 2015 og er vegna áranna 2014 og 2015.

Um er að ræða 24.884.000 kr. Tillaga tvö var borin upp til atkvæða, en hún gerir ráð fyrir að fjármagninu verði skipt upp eftir viðmiðum Jöfnunarsjóðs um úthlutun viðbótarframlaga fyrir árið 2015 sem og SIS-mati, en samkvæmt SIS-mati fyrir árið 2014. Tillagan var samþykkt með 8 atkvæðum, RÓ, VJ, BH og ÁH sátu hjá.

Einnig var rætt um skiptingu fjármagns til málefna fatlaðra á árinu 2016.

Jöfnunarsjóður hefur tilkynnt að á árinu 2016 komi 397.876.000 kr. í hlut Vesturlands. Auk þess er áætlaður hlutur SSV (0.125%) í útsvari sveitarfélaga, 65.410.000 kr. Alls verða þetta því 463.286.000 kr. sem mun skiptast á milli félagsþjónustusvæðanna þriggja. Um er að ræða hækkun um rúmar 60 m.kr. á milli ára.

Framkvæmdastjóra var falið að boða fulltrúa sveitarfélaga á Vesturlandi til fundar um framhald samstarfs um málefni fatlaðra.

5. Sóknaráætlun Vesturlands

Framlagt minnisblað um framvindu áhersluverkefna sóknaráætlunar. Öll verkefni hafa fengið skipaða verkefnisstjóra og eru komin af stað.

Auk þess var lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun með hliðsjón af fjárveitingu ráðuneyta til Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2016 þar sem framlag ríkisins til SSV verða rúmar 70 m.kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun samþykkt.

Þá voru lagðar fram tillögur að minniháttar breytingum á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs. Í kjölfarið varð töluverð umræða um úthlutunarreglur og þá sérstaklega varðandi aðkomu opinberra aðila að umsóknum og umsóknum aðila með lögheimili utan Vesturlands. Framlagðar tillögur að breytingum á úthlutunarreglum samþykktar.

6. Samgönguáætlun

Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir vinnuhóp um Samgönguáætlun Vesturlands 2016-2028. Óskað hefur verið eftir tilnefningum frá sveitarfélögum í vinnuhóp um samgönguáætlun Vesturlands. Um er að ræða sjö manna starfshóp. Stjórn SSV skipar formann hópsins og var lögð fram tillaga um að Gísli Gíslason hafnarstjóri yrði formaður. Tillagan var samþykkt.

Nokkur umræða varð um verkefni hópsins og hvort fjarskiptamál ættu að vera eitt af hlutverkum hans. Framkvæmdastjóra var falið að gera lagfæringar á erindisbréfi. Þá varð umræða um skipan hópsins og aðkomu þeirra sveitarfélaga á Vesturlandi sem

ekki eiga fulltrúa í hópnum að vinnunni. Vinnuhópurinn er þannig skipaður að Akraneskaupstaður skipar einn fulltrúa, Hvalfjarðarsveit skipar einn, Borgarbyggð skipar einn fulltrúa fyrir Borgarfjörð norðan Skarðsheiðar, Dalbyggð einn fulltrúa og framkvæmdaráð Héraðsnefndar Snæfellinga tvo fulltrúa fyrir sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi. Fundargerðir hópsins verða lagðar fram í stjórn SSV, en stjórn þarf að samþykkja tillöguna áður en hún verður lögð fyrir haustþing.

7. Erindi frá N4

Lagt fram erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 um kostnaðarþátttöku SSV í gerð sjónvarpsþátta um Vesturland. Erindið hefur einnig verið sent sveitarfélögum á Vesturlandi og flest hafa tekið jákvætt í erindið. Framkvæmdastjóra falið að skoða aðkomu SSV að þessu verkefni og leggja tillögu fyrir stjórn SSV.

8. Ráðstefna um staðaranda sveitarfélaga

Lagt fram minnisblað um undirbúning ráðstefnu á Vesturlandi um staðaranda sveitarfélaga. Rætt hefur verið við LBHÍ, á Hvanneyri um samstarf. Hugmyndin er að halda ráðstefnuna fyrstu vikuna í mars. Stjórn tók vel í upplegg ráðstefnunnar.

9. Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um fyrirhugaða fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi vorið 2016. Lagt er til að farið verði í fjöggra daga ferð í síðustu viku aprílmánaðar. Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að skipulagningu og senda út áætlun sem sýnir kostnað sveitarfélaga við að senda fulltrúa.

10. Ályktun stjórnar SSH um breytingar á lögum um tekjuskatt

Lögð fram ályktun frá SSH um tillögu að breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Stjórnarmenn ræddu ályktun SSH sem og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um lagabreytingartillöguna og ljóst að skiptar skoðanir eru um lagafrumvarpið og umsögn sambandsins. Niðurstaðan var að bóka eftirfarandi:

„Það er ljóst að skiptar skoðanir eru innan sveitarfélaga á Vesturlandi um afstöðu til lagafrumvarps um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál 263. Því er það niðurstaða stjórnar SSV að álykta ekki um málið“.

11. Fundardagar stjórnar SSV árið 2016

Framlögð tillaga að fundardögum stjórnar SSV árið 2016. Tillagan var samþykkt.

12. Úthlutun fjármagns til ljósleiðaravæðingar

Framkvæmdastjóri lagði fram bréf frá Fjarskiptasjóði þar sem kynnt er tillaga að úthlutun fjármagns til sveitarfélaga vegna ljósleiðaravæðingar. Á fjárlögum eru 500 m.kr. til ljósleiðaravæðingar á landsbyggðinni og komin er fram hugmynd um hvernig skipta má þessum fjármunum. Tillagan gengur út á það að sveitarfélögin sæki um fjárveitingar og þau sem geti tengt flesta staði fyrir sem minnst fjármagn eru líklegust til að fá stuðning frá sjóðnum. Páll reifaði þá hugmynd hvort sveitarfélög á Vesturlandi ættu að hafa með sér samráð. Þau sveitarfélög sem komin eru lengst sæki núna og þau sem verða komin lengra að ári sæki að ári, o.s.frv. Markmið ríkisins er að ljúka ljósleiðaravæðingu á fimm árum.

Landshlutasamtökin munu fá hlutverk sem samræmingaraðili og spyrja menn sig hvort hægt er að samræma sig eitthvað í þessari vinnu.

Framkvæmdastjóra var falið að boða sveitarstjóra í dreifbýlum sveitarfélögum til fundar vegna þessa máls.

13. Framlögð mál

- a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.

Lagt fram.

Næsti fundur áætlaður þann 16. mars n.k.

Fundi slitið kl. 13:30.

HBJ